



VEIÐISTJÓRAEMBAETTID

Hafnarstræti 97, Pósthólf 465, 602 Akureyri. Sími 462 2820, fax 462 2325

Alþingi

Erindi nr. P 122/205

komudagur 24.11.1997

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

21. nóvember 1997

Umsögn um frumvarp til vopnalaga

Eftir að hafa kynnt sér vandlega ofangreint frumvarp vill undirritaður gera athugasemd við 13. grein þess.

Ákvæðið um veitingu skotvopnaleyfis til veiða þyrfti að vera skýrara. Í lögum nr. 64/1994 og reglugerðum settum á grundvelli þeirra er skýrt tekið fram að þeir einir hafi rétt til veiða sem hafa náð fullnægjandi árangri á hæfnisprófi fyrir verðandi veiðimenn. Eðlilegt væri því að setja það sem skilyrði til að öðlast skotvopnaleyfi til veiða að umsækjandi hafi staðist slíkt próf. Að öðrum kosti er mögulegt að nota veiðar sem tylliástæðu til að öðlast skotvopnaleyfi.

Virðingarfyllst,

Ásbjörn Dagbjartsson
veiðistjóri